

Kennsluáætlun í Formteikningu - 1.bekkur 2024-2025

Waldorfskólinn Sólstafir

Kennari: Guðbrandur Bragason

Kennsla í formteikningu fer fram í tveimur lotum á haustönn og einni lotu á vorönn. (sjá lotur á stundaskrá 1. bekkjar)

Kennsluaðferðir:

Unnið er með léttar æfingar í formteikningu sem er undirstaða fyrir ritun bók- og tölustafa svo og frekara náms í greininni á komandi árum. Helstu viðfangsefni eru hringurinn, heill og hálfur, beina línan bæði stutt og löng, bylgjött lína og sikk sakk lína. Leitast er við að nemendur komi auga á formin í umhverfi sínu. Í upphafi er sögð saga þar sem formin koma fyrir. Þau form sem unnið er með hverju sinni, eru teiknuð í loftinu, síðan á töfluna. Nemendur herma og teikna í vinnubækur. Í vettvangsferðum verða nemendur hvattir til að koma auga á ólík form í umhverfinu (náttúrulegu og manngerðu) og skapa listaverk úr fundnum efniviði.

Markmið:

Að nemendur

-þjálfist í að þekkja og teikna bogna línu og átti sig á því að þegar tvær bogadregnar línur eru teiknaðar hvor á móti annarri myndist hringur.

-þjálfist í að þekkja og teikna beina línu og geti teiknað beina línu ofan frá og niður, bæði stutta og langa..

-að nemendur læri að þekkja hugtökin lárétt og lóðrétt.

-læri að teikna fimm arma stjörnu með hjálp.

Námsmat:

Virkni og þátttaka í tímum.

Vinnubrögð og frágangur.

Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.